

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 31/96  
frá 5. júní 1996**

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/96 frá 26. apríl 1996<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/9/EB frá 7. apríl 1995 um breytingu á tilskipun 94/39/EB um gerð skrár yfir fyrirhugaða notkun dýrafóðurs með sérstök næringarmarkmið í huga<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 4d (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/39/EB) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- 395 L 0009: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/9/EB frá 7. apríl 1995 (Stjtíð. EB nr. L 91, 22. 4. 1995, bls. 3).“.

---

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. EB nr. L 91, 22. 4. 1995, bls. 3.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 95/9/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 6. júní 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 5. júní 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

P. Benavides

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner